

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 93/2024

2024/EES/60/11

frá 26. apríl 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2052 frá 25. september 2023 um að samþykkja ekki silfurnatríumvetnissirkonfosfat sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzzzzg (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1157) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzzzzzzh. **32023 D 2052:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2052 frá 25. september 2023 um að samþykkja ekki silfurnatríumvetnissirkonfosfat sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 236, 26.9.2023, bls. 40).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2023/2052, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. apríl 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 236, 26.9.2023, bls. 40.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.